


Nýrnasteinar

Nýrnasteinar verða til í nýrum þegar sölt falla út í þvagi og mynda steina. Líkaminn losar sig oftast við nýrnasteina með þvagini en sumir steinar eru það stórir að þeir festast í nýra eða þvagleiðara og valda þá einkennum.

Helstu einkenni nýrnasteina

- Slæmir verkir sem oftast eru í síðunni en leiða oft niður í nára
- Aukin þvagþörf og stundum sviði eða verkur við þvaglát
- Blóð í þvagi
- Hiti
- Ógleði eða uppköst



Greining

Ráðlagt er að leita læknis ef einkenna verður vart. Nýrnasteinar eru greindir með upplýsingum um sjúkdómseinkenni, líkamsskoðun, blóðsýni og stundum þarf að taka röntgen- eða sneiðmynd.

Meðferð

Meðferð fer eftir einkennum, staðsetningu og tegund nýrnasteina.

- Verkjameðferð:** Smærri steinar ganga oftast niður af sjálfu sér og skiljast út með þvagi. Þá nægir oft verkjameðferð á bráðamóttöku.
- Nýrnasteinbrjótur:** Höggbylgjur eru sendar á nýrnasteina í þeim tilgangi að brjóta þá í steinsalla sem síðan skilst út með þvagi.
- Speglun í þvagleiðara:** Aðgerð er gerð í svæfingu. Farið er með speglunartæki upp þvagrás, inn í þvagblöðru og áfram upp þvagleiðara þar til nýrnasteinninn er fundinn. Þar er „körfu“ smeygt utan um steininn og hann brotinn og/eða fjarlægður. Stundum er nauðsynlegt að setja leiðara tímabundið milli nýra og þvagblöðru til að tryggja öruggt flæði þvagu úr nýranu.
- Skurðaðgerð:** Ef steinar eru stórir getur reynst óhjákvæmilegt að fjarlægja þá með skurðaðgerð og veitir þvagfæraskurðlæknir þá upplýsingar um þá aðgerð sem kemur til greina.

Útskrift

Verkir

Yfirleitt fylgja talsverðir verkir því þegar nýrnasteinn gengur niður. Læknir sendir rafrænan lyfseðil í apótek fyrir verkjalyfjum. Oft eru einnig gefin lyf sem auðvelda steinum að ganga niður. Taka þarf verkjalyf samkvæmt ráðleggingum. Flestir minni steinar skila sér niður á innan við 2–3 vikum.

Matur og drykkur

Nægileg vökvadrykkja og hæfileg hreyfing hjálpar til við að nýrnasteinar gangi niður. Gott er að miða við að drekka 2-2,5 lítra á sólarhring og drekka jafnt og þétt yfir daginn. Ef slæm verkjaköst koma er mælt með að drekka minni vökva meðan kastið gengur yfir.

Þvaglát

Sem mælikvarði á að nægilega mikið sé drukkið af vökva er gott að miða við að litur á þvagini sé ljós. Í verkjaköstum og þegar steinn gengur niður má búast við að þvaglát séu tíðari. Ef þvag verður illa lyktandi eða gruggugt, getur það verið vísbending um þvagfærasýkingu og þarf þá að leita læknis.

Eftirlit

Við útskrift af bráðamóttöku er send beiðni til göngudeildar þvagfæra 11A um eftirfylgd. Haft verður samband frá deildinni innan viku og upplýsingar veittar um framhaldið.

Hafa þarf samband við bráðamóttöku ef:

- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Hiti er hærri en 38°C
- Sviði er við þvaglát eða illa lyktandi þvag

Símanúmer

Bráðamóttaka í Fossvogi 543 2000

Göngudeild þvagfæra 11A á Hringbraut 543 7100

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.